

SKIPULAGSSKRÁ fyrir sjóð Bjargar Símonardóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir sjóður Bjargar Símonardóttur. Hann er stofnaður af Björgu Símonardóttur með fjárframlagi að upphæð 8.857.119 krónur. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 4.500.000 krónur. Stofnfé skal ekki skerða, og fyrstu fimm árin skal helmingur vaxta og verðbóta lagður við höfuðstólinn.

3. gr.

Sjóðurinn tekur við framlögum; gjöfum og áheimum, og skal um slík framlög fara svo sem segir í 2. gr.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja táknmalstúlkun og textun á íslensku menningarefni hvort sem er í sjónvarpi, kvikmyndahúsum eða í leikhúsum. Úthlutun fer fram tvisvar á ári, 15. janúar og 15. september. Stjórn sjóðsins ber að auglýsa eftir umsóknum um styrk 1. nóvember og 1. júlí ár hvert. Umsóknir skulu hafa borist sjóðstjórn fyrir 1. ágúst og 1. desember.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera kosin á aðalfundi Félags heyrnarlausra og skulu stjórnarmenn vera 3. Tveir stjórnarmanna skulu vera fullgildir félagsmenn í Félagi heyrnarlausra en Félag heyrnarlausra tilnefnir einn utan þess. Stjórnin tekur ákvarðanir varðandi styrki og ráðstöfun tekna.

6. gr.

Félag heyrnarlausra annast um varðveislu sjóðsins og reikningshald. Endurskoðun og birtin reikninga er í höndum löggilts endurskoðanda.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema a.m.k. tveir stjórnarmenn samþykki breytinguna.

8. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til svipaðrar starfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. ágúst 2003.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.